



**Markaðsstofa
Suðurlands**

Fundargerð

8. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 föstudaginn 10. apríl 2026, sem er fjárfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Jelena Ohm, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jenson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu

Boðuð forföll:

Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir

Dagskrá fundar:

- Verkefni undanfarins mánaðar og það sem er framundan
- Uppfærsla áfangastaðaáætlunar
- Aðalfundur og árshátíð – staða
- Önnur mál

Verkefni undanfarins mánaðar og það sem er framundan

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna

Á fundi forstöðumanna í mars var rætt um erindi frá ráðuneyti varðandi greiningu á opinberu fjármagni í markaðssetningu, sameiginlegan fund með framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna þann 17. mars og fleira. Á fundi forstöðumanna í byrjun apríl var farið í gegnum stefnumótunarskjal frá ráðgjafa og það lagfært í samræmi við orðfæri og verkefni MAS ásamt því að ræða erindi frá Íslandsstofu.

Samþykkt var að fara sameiginlega í vinnu sem snýr að því að gera vefi markaðsstofa landshlutanna betri gagnvart gervigreindarleit.

Hópur starfsfólks MAS, Íslandsstofu, Ferðamálastofu og SAF hefur fundað reglulega undanfarin misseri til að ræða sérstaklega **almyrkvann sem verður 12. ágúst** næstkomandi. Verið er að fara yfir stöðuna í hverjum landshluta, hvað er verið að gera, hverjir eru í samstarfi um aðgerðir og fleira slíkt. Reykjanes, Höfuðborgarsvæðið, Vesturland og Vestfirðir eru í myrkvaslóðinni svo eðlilega snertir þetta þá landshluta mest og taka þau þátt í stærri stýrihóp á vegum almannavarna (ríkisins). Hlutverk Markaðsstofu Suðurlands verður fyrst og fremst að miðla upplýsingum og hefur einnig verið í samtali við Lögregluna á Suðurlandi. Þess má þó geta að á þessum tíma er 93% gististaða á öllu Suðurlandi orðnir fullbókaðir.

Framundan er **fundur um almyrkvann** sem Almannaþingin standa fyrir sem er hugsaður fyrir ferðapjónustuna, verður haldinn 13.apríl kl. 11 á Teams.

Menntamorgun ferðapjónustunnar er fræðslusería sem er samstarfsverkefni Markaðsstofa landshlutanna, Hæfniseturs ferðapjónustunnar og SAF. Í gær (9.apríl) var haldinn fundur á Akureyri og í streymi um öryggismál. Á fundinum var rýnt í stöðuna og tekin umræða um hvaða skref skila mestum árangri til að efla öryggismenningu í ferðapjónustu og styrkja Ísland enn frekar sem öruggan og eftirsóknarverðan áfangastað. Upptöku af fundinum má finna á miðlum Hæfnisetursins.

Ratsjái: Gervigreind í ferðapjónustu – Ferðaklasinn í samstarfi við MAS stendur fyrir rafrænni vinnustofu 16. apríl, kl. 10-12, fyrir samstarfsfyrirtæki klasans og MAS. Nánari upplýsingar og skráning á vef Íslenska ferðaklasans.

Samstarf við sveitarfélög og SASS

Söguslóðir Suðurlands – nýtt verkefni

Verkefnið Söguslóðir Suðurlands byggir á fyrri reynslu markaðsstofunnar við þróun á Eldfjallaleiðinni, og felst það í að þróa heildstæða, þemabundna og sögutengda ferðaleið sem nýtist sem sameiginlegt verkfæri fyrir landshlutann til að styðja byggðapróun, dreifingu ferðamannastraums og aukna staðbundna verðmætasköpun. Leiðin er hugsuð sem tól fyrir ferðapjónustuaðila til að hvetja gesti til að dvelja lengur, skipuleggja ferðir með fleiri viðkomustöðum og upplifa fjölbreytta hluta Suðurlands.

Framkvæmdastjóri óskar eftir að fá inn tímabundinn verkefnastjóra fyrir þetta verkefni til þess að koma að nánari mótun verkefnis, leiða vinnustofur og hluta úrvinnslu. Stjórn samþykkir að ráðinn verður verkefnastjóri í verkið.

Fundur með ferðapjónustunni í Skaftárhreppi

Byggðapróunarfulltrúi Skaftárhrepps fékk framkvæmdastjóra inn á fund á Hótel Klaustri þar sem hún kynnti helstu verkefni markaðsstofunnar fyrir ferðapjónustuaðilum á svæðinu. Mjög góð mæting var á fundinn og sköpuðust góðar umræður.

Hátíð nýsköpunar og atvinnulífs

SASS stefnir á að halda hátíð í byrjun nóvember tileinkaða nýsköpun og atvinnulífi á Suðurlandi. Framkvæmdastjóri MSS var fengin inn í vinnuhóp fyrir viðburðinn og nýtist reynsla markaðsstofunnar við að halda Mannamót inn í slíkan undirbúning.

Faghópsfundur

Þann 27. mars var haldinn fundur í faghóp sveitarfélaganna þar sem farið var yfir vinnuna framundan við uppfærslu áfangastaðaáætlunar og hópurinn hvattur til þátttöku. Einnig sagt frá vinnustofum sem

fara fram í haust um svæðisbundnar áherslur og aðgerðir auk þess að fundargestir sögðu frá því helsta sem er að fréttu á þeirra svæðum.

Kynning fyrir Ferðaklasa Ölfuss

Framkvæmdastjóri kynnti starfsemi Markaðsstofunnar á fundi ferðaklasa Ölfuss sem haldinn var í húsnæði Jarðhitasýningarinnar í Hellisheiðarvirkjun 24. mars sl. Megin áherslan var á hvernig samstarfið nýtist sveitarfélögum og fyrirtækjum. Verkefnastjóri klasans fékk kynningu að fundi loknum og frekari umræða mun eiga sér stað í framhaldinu með frekara samstarf.

Markaðsmál

Sýningar og vinnustofur

Vestnorden og post tour

Markaðsstofa Suðurlands mun senda einn starfsmann á Vestnorden í Grænlandi 22.-23. september. Búið er að skila inn tillögu að Post-tour í samstarfi við Visit Reykjanes og Visit Reykjavík, þar sem einn heill dagur fer í heimsókn á Suðurlandið. Verður deginum að mestu varið á Gullna hrings svæðinu með áherslu á vellíðan (wellness).

Vinnustofur í Kanada

Framkvæmdastjóri mun taka þátt í vinnustofum í þremur borgum í Kanada í byrjun júní með Íslandsstofu. Þar verða borgirnar Vancouver, Montreal og Toronto heimsóttar.

FAM ferð

Verið er að skoða beiðni um sameiginlega FAM ferð fyrir Jet Stream með Visit Reykjavík í haust.

Vefur og samfélagsmiðlar

Hin daglegu verkefni við greina- og bloggskrif, vefumsjón, efnissköpun og dreifing á innlendum og erlendum samfélagsmiðlum Markaðsstofunnar, samskipti við hagaðila, svörun fyrirspurna og fleira eru ávallt í gangi. Einnig er spjallmennið Sunna enn í þjálfun. Á tímabilinu fóru einnig út fréttabréf til samstarfsaðila og kjörinna fulltrúa.

Auk þess er búið að vera að vinna í sérstakri síðu um sólmyrkvann í sumar, vinna áfram í „Traveltrade“ hlutanum á south.is sem er miðaður að ferðasölum og fjölmiðlum. Þar er nú að finna helstu áherslur auk fréttu af fyrirtækjum og áhugaverðar sögur og samantektir um ferðapjónustu á Suðurlandi. Markmiðið er að efla þessa síðu til miðlunar upplýsinga til þessara markhópa. Hlekkur á síðuna er: <https://www.south.is/en/travel-trade>

Samfélagsmiðlum þarf að viðhalda og er meðal annars verið að kynna vinnustofur, aðalfund og árshátíð ásamt fleiri áhugaverðum fundum sem eru framundan á síðu Markaðsstofunnar og Facebook hóp fyrir samstarfsfyrirtæki. Einnig birtum við grein með nokkrum staðreyndum um ferðapjónustu á Suðurlandi sem gæti nýst vel inn í umræður fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Efnissköpun í samstarfi við Íslandsstofu

Íslandsstofa leitaði til MAS um samstarf um efnissköpun í hverjum landshluta fyrir samfélagsmiðla. Tökur eru komnar af stað hjá í það minnsta tveimur landshlutum en tökur á Suðurlandi áætlaðar í maí/júní.

Eldfjallaleiðin – styrkur úr byggðaáætlun

Markaðsstofa Reykjaness sótti um styrk í byggðaáætlun í samvinnu við MSS og fékkst styrkur fyrir áframhaldandi vinnu við þróun og kynningu „The Volcanic Way“. Verkefnið felur í sér að gera kynningarefni til ákveðinna markhópa ásamt verkfærakistu sem ferðaþjónustan getur nýtt sér. Fundað var um næstu skref og munu verkefnastjórar taka þetta áfram.

Samstarf við fyrirtæki

Markaðsstofa Suðurlands heldur reglulega rafræna morgunfundi fyrir sína samstarfsaðila sem hafa jafnan verið vel sóttir. Síðasti fundur var haldinn þann 31. mars og mættu þá um 40 manns til að hlýða á Guðbjörgu Guðmundsdóttur, efnishönnuð hjá Stefnu, halda fræðsluerindi um gerð vandaðs vefefnis fyrir gervigreindina.

Nokkrir fundir voru á tímabilinu með samstarfsfyrirtækjum, ýmist að kynna starfsemina betur og hvernig þau geta nýtt sér hana eða ráðgjöf vegna sértækra verkefna.

Aðrir fundir í mars

- Stefnuþing frumframleiðenda og ferðaþjónustu á Flúðum 10. mars
- Outlook Travel – Umfjöllun um Suðurland í júní útgáfu, frekara samtal
- Viðtal við doktorsnema um nærandi ferðaþjónustu (regenerative tourism)
- Viðtal við Stuck in Iceland (ferðarit á vefnum) um Eldfjallaleið
- Ársfundur Íslandsstofu 18. mars
- Aðalfundur SAF – tekinn rafrænt vegna ófærðar yfir Helligshéiði
- Kynning á Markaðsstofunni og ábyrgri myndbirtingu í Fjölbrautarskóla Suðurlands

Aðalfundur og árshátíð – staða fyrir Vestmannaeyjar 7. maí 2026

Dagskrá:

- 12:30-14:00 Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands
- Súpa verður í boði frá kl. 12.
- 14:00-16:00 Vinnustofa/erindi – kynningar á verkefnum MSS
- 16:00-18:00 Kynningarferð um Vestmannaeyjar
Hristum hópinn saman og kynnum okkur nýjungar á svæðinu (Náðar auglýst síðar).
- 19:00 Kvöldið hefst með fordrykk á Einsa Kalda

Við hefjum kvöldið með fordrykk í boði Markaðsstofu Suðurlands áður en setjumst niður og njótum samveru á hinum margrómaða veitingastað Einsa Kalda.

Uppfærsla áfangastaðaáætlunar

Í ár hófst vinna við uppfærslu áfangastaðaáætlunar en samkvæmt samningi við Ferðamálastofu þarf sú vinna að fara fram á að minnsta kosti þriggja ára fresti. Verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar leiðir þá vinnu og hefur verið að undirbúa fyrstu vinnustofurnar sem fara fram í næstu viku. Þá munu fara fram þrjár opnar vinnustofur um hvert sunnlensk ferðaþjónusta stefnir á komandi árum. **Það skiptir máli að fá fram hugmyndir og skoðanir frá ólíkum hópum og því bjóðum við íbúum, sveitarfélögum, fyrirtækjum, leiðsögumönnum og stofnunum að taka samtalið.**

Gullna hrings svæðið - kl. 9:00-11:00 að morgni mánudags 13. apríl
- Ölfus, Hveragerði, Árborg, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur og Rangárþing ytra.

Katla jarðvangur og Vestmannaeyjar - kl. 9:00-11:00 að morgni þriðjudags 14. apríl
- Vestmannaeyjar, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur

Ríki Vatnajökuls – kl. 9:00-11:00 að morgni miðvikudags 15. apríl
- Sveitarfélagið Hornafjörður

Þátttakendum er frjálst að mæta á þá vinnustofu sem þeim hentar, óháð búsetu eða starfssvæði. Við hvetjum öll sem eru áhugasöm um þróun síns nærsamfélags til að taka þátt.

Önnur mál

Næsti fundur stjórnar er mánudagurinn 4. maí nk. og er lagt upp með að leggja ársreikning fyrir til umræðu og samþykktar á honum.

Fundi slitið 10:50